



# **Snjóbræðslustýring**

Gauti Kristjánsson

## **Lokaverkefni í rafiðnfræði**

2016

Gauti Kristjánsson

0306858309

Leiðbeinandi: Arnar Aðalsteinsson

Tækni- og verkfræðideild

School of Science and Engineering



# Tækni- og verkfræðideild

## Heiti verkefnis:

Snjóbræðslustýring

## Námsbraut:

Rafiðnfræði

## Tegund verkefnis:

Lokaverkefni í iðnfræði

## Önn:

Vor

## Námskeið:

Lokaverkefni

## Höfundur:

Gauti Kristjánsson

## Umsjónarkennari:

Kristinn Sigurjónsson

## Leiðbeinandi:

Arnar Aðalsteinsson

## Fyrirtæki/stofnun:

Olíudreifing

## Ágrip:

Markmið þessa verkefnis er að hanna snjóbræðslustýringu sem hægt er stilla og fjarstýra í gegnum netið.

Hún myndi virka á bakrás húshitakerfis með innspýtingu til að auka hita.

Gangsetning snjóbræðslunnar er frá 15. okt.-15. apríl.

Möguleiki er á að tengja rennismæli sem stýrir hámarksafköstum og tryggir að kerfið fái ekki viðbótarinnspýtingu utan snjóbræðslutíma.

## Dagsetning:

09.05.16

## Lykilorð íslensk:

Snjóbræðsla  
Iðntölvur  
Hitaveita

## Lykilorð ensk:

## Dreifing:

opin

lokuð

til:



Sérstakar þakkir

Arnar Aðalsteinsson – Rafiðnfræðingur

Emil Þór Kristjánsson – Orkutæknifræðingur

Snædís Vala Kristleifsdóttir – Lífeindafræðingur



# Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	5
Töfluskrá.....	5
1. Formáli.....	6
2. Inngangur.....	7
3. Almennt.....	8
3.1. Snjóbræðsla.....	8
3.2. Varmaskiptir.....	12
3.3. Varma og orkuþörf.....	14
3.4. Frostlögur.....	18
3.5. Röralagning og samsetning.....	19
3.6. Núverandi búnaður.....	20
3.7. Mismunandi útfærslur.....	22
3.8. Teikningar.....	24
4. Snjóbræðslustýring.....	26
4.1. Virknilýsing.....	26
4.2. Kerfismynd af búnaði.....	27
4.3. Flæðirit af virkni iðntölvu.....	27
4.4. Tafla fyrir inn/útganga iðntölvu.....	29
4.5. Kerfismynd af FBD forritun.....	30
4.6. Kerfismynd af ladder forritun.....	31
4.7. Skjámyndakerfi.....	32
.....	33
4.8. Einlínnumyndir.....	35
5. Iðntölva.....	36
5.1. Siemens LOGO 8.....	36
5.2. Aukaeiningar.....	37
5.3. Búnaður.....	37
5.4. Kostnaðaráætlun.....	38
6. Samantekt.....	39
7. Lokaorð.....	40
8. Heimildaskrá.....	41
9. Viðauki 1 – Ladder forritun.....	42
10. Viðauki 2 – FBD forritun.....	52
11. Viðauki 3 – Autocad teikningar.....	55



## Myndaskrá

Mynd 1: Nýting bakrásarvatns.....	9
Mynd 2: Afkastageta og rekstrarkostnaður.....	9
Mynd 3: Varmaskiptir.....	13
Mynd 4: Varmþörf sem fall af snjókomu.....	14
Mynd 5: Varmþörf sem fall af snjókomu með breytilegri snjóhulu.....	15
Mynd 6: Aflþörf kerfis í hægagangi.....	16
Mynd 7: Árleg orkuþörf við mismunandi yfirborðshita.....	17
Mynd 8: Röralagnir.....	19
Mynd 9: Snjóbræðsluferfi.....	20
Mynd 10: Hitastillir (ETS 250V – 10A) og pi reglir (Aqua24A1F/D).....	21
Mynd 11: Hringrásardæla.....	22
Mynd 12: Mótrolki.....	22
Mynd 13: Mismunandi kerfi snjóbræðslu.....	23
Mynd 14: Snjóbræðsla með frostlegi og varmaskipti, bakrás nýtt með framrásarvatni.....	24
Mynd 15: Snjóbræðsla með bakrásarvatni með möguleika á innspýtingu.....	24
Mynd 16: Kerfismynd af snjóbræðslu tengda við Siemens logo iðntölvu.....	27
Mynd 17: Flæðirit af virkni iðntölvu.....	28
Mynd 18: Hitastýring og reglun.....	30
Mynd 19: Stýring á skjámynd.....	31
Mynd 20: Upphafsmýnd á iðntölvu X5.....	32
Mynd 21: Keyrslugluggi X1.....	32
Mynd 22: Bakrásarhiti X2.....	33
Mynd 23: Framrásarhiti X3.....	33
Mynd 24: Útihiti X4.....	34
Mynd 25: Einlínmynd af iðntölvu.....	35
Mynd 26: Iðntölva búnaður.....	35
Mynd 27: Siemens LOGO 8.....	36

## Töfluskrá

Tafla 1: Verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur.....	10
Tafla 2: Straum- og orkuþörf hringrásardælu.....	22
Tafla 3: Inn/útgangar iðntölvu.....	29
Tafla 4: Kostnaðaráætlun.....	38



## 1. Formáli

Notagildi snjóbræðslu er mikið, sérstaklega á Íslandi þar sem notkun hennar getur verið allt að 8-9 mánuðir á ári. Til eru margar útgáfur bæði litlar og stórar sem eru þá hannaðar fyrir einstaklinga eða fyrirtæki. Snjóbræðsla fyrir heimahús er t.d. notuð til að hita upp gangstíg að húsi eða halda bílastæði við bílskúr snjófríu. Fyrirtæki gætu verið með stærri kerfi sem hægt er að fjarstýra gegnum netið og stilla eftir þörfum. Það er því miklvægt að velja réttan búnað og hafa hönnunina einfalda og notendavæna.

Höfundur er menntaður rafvirki og hefur unnið sem slíkur bæði í fullu starfi og með skóla. Síðustu ár hefur hann unnið á þjónustudeild Olíudreifingar og unnið þar við ýmiss konar búnað t.d dælur, mótor og stýringar. Þjónustudeild Olíudreifingar sér um viðhald á flestum búnaði sem er á bensínstöðvum landins þar á meðal snjóbræðslum, en flestar bensínstöðvar eru með slíkan búnað undir stéttum við dælur og inngang inn í hús. Þetta er nauðsynlegt því að það getur verið mikil umferð á þessum stöðvum og mikið af fólki að fara inn og út. Þegar komið var að því að velja lokaverkefni fannst höfundi tilvalið að takast á við það að hanna og endurbæta snjóbræðslustýringu í samstarfi með tæknifræðingum fyrirtækisins.



## 2. Inngangur

Með þessu verkefni er leitast við að hanna og endurbæta snjóbræðslustýringu sem notuð er á bensínstöðvum landsins. Í núverandi búnaði er ekki hægt að fjarstýra búnaði og þarf því að mæta á staðinn til að gefa snjóbræðslunni auka innspýtingu í miklu frosti.

Markmið verkefnisins er að forrita iðntölvu sem hægt er að fjarstýra og stilla í gegnum netið. Myndi þessi stýring vinna á bakrásarhita snjóbræðslukerfis með innspýtingu til að auka hita. Gangsetning á stýringunni er 15. okt – 15. apríl. Iðntölvan er af gerðinni Siemens LOGO með viðbótareiningum fyrir hitanema. Þessi tölva bíður einnig upp á skjámyndakerfi þar sem mun koma fram útihiti, hitastig frá varmaskipti inn á slaufu, gangsetningartími og staðsetning. Einnig er rofabox en þar eru tveir rofar og tvö gaumljós. Af/á rofi til að gangsetja kerfið, auka innspýting inn á kerfi og svo tvö gaumljós, grænt gefur til kynna að kerfið sé í gangi og rautt fyrir bilanir.

### 3. Almennt


#### 3.1. Snjóbræðsla

Það hefur aukist til muna síðastu ár á Íslandi að landsmenn komi fyrir snjóbræðslukerfum við íbúðarhús sín. Einnig er það mjög algengt og nauðsynlegt að fyrirtæki setji upp snjóbræðslu í bílastæðum og við gangleiðir. Algengast er að þessi kerfi séu sett þannig upp að þau nýti síðustu hitaeyningarnar úr bakrás húshitakerfisins. Snjóbræðslan er oftast tekin inn að lagnagrind húss og nýtir það vatn sem búið er að fara gegnum ofnakerfi hússins og gólfgeisla til að bræða snjó af bílastæðum og gönguleiðum. Þar sem slík kerfi nota eingöngu bakrásarvatn er hámarksstærð kerfisins háð stærð á húsi og þeim kröfum sem gerðar eru til afkastagetu kerfisins. Afkastageta snjóbræðslu er á bilinu 50-250 W/m<sup>2</sup> ([Kristján Ottósson, Guðmundur Halldórsson og Sveinn Áki Sverrisson, 2002](#); [B.T. Verktakar, e.d.](#); „Snjóbræðslukerfi“ 1991).


Vatnsnotkun er að meðaltali 1,5 m<sup>3</sup> á hvern rúmmetra á ári í húsum en það er almennt reiknað með að yfir veturna sé bakvatn frá húsum 0,5-0,6 l/klst á fermetra. Við upphitun á 3-4 m<sup>2</sup> húsnæðis er vatnsrennsli um 1,5-2,4 l/klst og þegar miðað er við 15°C vatnsnýtingu verður vatnsrennslið til afls 30-40 W/m<sup>2</sup>, en það er nóg afl til grunnhitunar á 1 m<sup>2</sup> snjóbræðslusvæðis. Til að ná 70 W/m<sup>2</sup> afls, það er varmi sem er nægjanlegur við heimahús, þarf 4-5 l/klst sem samsvarar hitun á um 7 m<sup>2</sup> gólfplatarmál húss. Þegar vatnið er leitt út í snjóbræðslulöngunarnar er það 30°C heitt bakvatn eða uppblandað 80°C heitt vatn en það kólnar svo niður í u.þ.b. 15°C í slöngunum en það fer eftir álagi á kerfið. ([Set, e.d.](#), Ragnar Ragnarsson 2002b).

Þegar aukið álag er á snjóbræðslu og auka þarf bræðsluhraða er það gert með því að spýta inn heitu vatni, við það hækkar vatnshiti framvatns í snjóbræðslu. Ef að hiti framvatns er 55°C og vatnsrennsli 5 l/klst á fermetra næst 175 W/m<sup>2</sup>. Grunnvarmi yfir veturna krefst rúmlega 10-12 m<sup>3</sup> af 30°C heitu vatni sem kemur frá bakrás húss, en ef að grunnvarminn er fenginn úr 80°C heitu vatni þarf 2,3-2,8 m<sup>3</sup> af 80°C vatni. Vatnspörf snjóbræðslukerfis á hvern fermetra á ári ræðst að miklu leyti af lögun og stærð kerfisins því að langir og mjóir stígar nota mikið vatn á meðan stór kerfi nota lítið. Undir venjulegum kringumstæðum má gera ráð fyrir einum fermetra snjóbræðslukerfis á hverja 5-10 m<sup>2</sup>. Þetta miðast við meðalnotkun af heitu vatni á venjulegt íbúðarhús um 1,8 m<sup>3</sup> á hvern rúmmetra húss. Flest hús bera auðveldlega kerfi sem getur brætt snjó undan 3-4 bílum ásamt göngustígum upp að útidyrum samtals u.þ.b. 100 m<sup>2</sup> ([Set, e.d.](#), Ragnar, 2002b).





Mynd 1: Nýting bakrásarvatns.



Mynd 2: Afkastageta og rekstrarkostnaður.

Ef mynd 1 og 2 eru skoðaðar má sjá hlutfallslegan rekskrarkostnað ágætlega þótt að tölur séu kannski svolítið gamlar.

Ef að við skoðum töflu frá Orkuveitu Reykjavíkur má sjá þær tölur sem eru í gangi í dag (sjá töflu 1).

Tafla 1: Verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur

	Taxti	Tegund	Kr.	2% Skattur	Með VSK	Grunnur
<b>Notkunargjald snjóbræðslu</b>	V1	Einingaverð	122,76	2,46	155,26	kr/m <sup>3</sup>
<b>Snjóbræðsla, framrásarvatn (Aðeins í þéttbýli)</b>	Taxti	Tegund	Kr. Án VSK	2% Skattur	Með VSK	Grunnur
		Fastagjald	514,19	10,28	650,34	Kr/dag
	SR1	Útihiti hærrí en -5 °C	61,34	1,23	77,59	kr/m <sup>3</sup>
	SR1	Útihiti lægri en -5 °C	184,1	3,68	232,85	kr/m <sup>3</sup>
<b>Snjóbræðsla, framrásarvatn með flatargjaldi. (þéttbýli)</b>		Fastagjald	514,19	10,28	650,34	Kr/dag
	SR2	Útihiti hærrí en -5 °C	61,34	1,23	77,59	kr/m <sup>3</sup>
	SR2	Útihiti lægri en -5 °C	184,1	3,68	232,85	kr/m <sup>3</sup>
		Fyrir hvern m <sup>2</sup>	0,14	0,003	0,17	kr/m <sup>2</sup> /dag
		Snjóbræðslu flatar				

Í töflu 1 má sjá: Taxti V1 er eingöngu fyrir snjóbræðslukerfi en sá taxti er ekki forgangsvatn og er því aðeins í gildi þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfi.

Þegar skoðað er gjald fyrir snjóbræðslu, framrásarvatn, fer mæling á heitu vatni fram á afhendingarstað þar sem veitur liggja fyrir. Þessi mæling fer fram með mælitækjum (tímamælingu). Það þarf að sækja um taxtann sérstaklega með umsóknareyðublöðum sem Veitur leggja til.

Snjóbræðsla, framrásarvatn með flatargjaldi: þar fer mæling á heitu vatni fram á afhendingarstað en taxtinn þar miðast við að tvöfalt dreifikerfi sé til staðar. Þar sem er tvöfalt dreifikerfi er daggjald á hvern m<sup>2</sup> snjóbræðsluflatar.

Í öllum tilfellum skal skattur af smásöluverði heits vatns (2%) greiddast til ríkissjóðs en það er hægt að miða af heitu vatni við áætlaða sölu. Ef að miðað er við þessar tölur er hægt að reikna út hvað það myndi kosta á sólarhring að reka snjóbræðslu. Það sem þarf að vita er stærð snjóbræðslu, afl notkun á fermeter, hitamismun á vatni við millihitara og verð á vatni (kr/m<sup>3</sup>) ([Veitur, 2016](#)).



Áætlaður kostnaður á rekstri snjóbræðslu annars vegar á fullum afköstum og hins vegar í hægagangi m.v. notkunargjald OR á snjóbræðslu, taxti V1 (155,26 kr/m<sup>3</sup>).

Kostnaður við snjóbræðslukerfi þar sem flötur snjóbræðslu er 100 m<sup>2</sup>

Áætluð afl þörf er 200 W/m<sup>2</sup>

$P = 20 \text{ kW} \rightarrow dT = 75^\circ - 35^\circ = 40^\circ \rightarrow Q = 20 \text{ kW} * 0,866/40^\circ = 0,433 \text{ m}^3/\text{h}$

Þá er kostnaður á sólarhring  $24\text{h} * 0,433 \text{ m}^3/\text{h} * 155,26 \text{ kr}/\text{m}^3 = \underline{\underline{1613,46 \text{ kr} / \text{sólarhr.}}}$

Ef að kerfi er í hægagangi og við gefum okkur að útihitastig sé + 2°C þá er áætluð aflþörf u.þ.b. 110 W/m<sup>2</sup> ( Sjá mynd 5)

$P = 11\text{kW} \rightarrow dT = 75^\circ - 35^\circ = 40^\circ \rightarrow Q = 11 \text{ kW} * 0,866 / 40^\circ = 0,23815 \text{ m}^3/\text{h}$

Þá er kostnaður á sólarhring  $24\text{h} * 0,23815 \text{ m}^3/\text{h} * 155,26 \text{ kr}/\text{m}^3 = \underline{\underline{887,4 \text{ kr} / \text{sólarhr.}}}$

Þegar kemur að því að hanna snjóbræðslukerfi eru margir þættir sem þarf að huga að m.a. hvaða tegund af varmagjafa skal nota, stærð snjóbræðslu og öryggissjónarmið. Einn af þessum þáttum er hversu afkastamikil kerfin eru, þau geta verið með varmaálagi yfir 200W á fermetra og allt niður í lítil kerfi með 50W afköstum á fermetra, en rekstrarkostnaður er í hlutfalli við afköst.

Það má því skipta þessum kerfum upp í þrjá flokka miðað við afköst á fermetra.

1. **Afköst yfir 200W á fermetra:** Þetta eru stærri kerfi sem eru við fjölfarna staði t.d. verslanir, göngugötur, aksturleiðir og bílastæði. Þessi kerfi eru oftast lokuð hringrásarkerfi með frostlegi og getur varmakostnaður verið mikill ef kerfin eru keyrð á fullum afköstum.
2. **Afköst 100-200W á fermetra:** Staðir sem eru með þessa orkuþörf eru staðir sem hafa ekki þörf fyrir snjómokstur en eiga þrátt fyrir það að vera göngufærir eins og t.d. göngugötur, gangstígar o.fl. Þessi kerfi bjóða upp á það að nota afgangsvarma að hluta til.
3. **Afköst undir 100W á fermetra:** Þetta eru mjög lítil kerfi og er enginn rekstrarkostnaður á þeim. Þau nota afgangsvarma til að flýta fyrir þíðu. Þetta eru því staðir eins stéttir við hús eða innkeyrslur.

Þegar þörf er á litlu snjóbræðslukerfi þá er oft hægt að nýta frárennslivatn hitaveitu beint inn á kerfið. Þó þarf að gæta þess, með hjálp stjórnloka, að vatnshitastig í rörinum sé ekki of lágt og að það sé hæfilegur þrýstingur (1-2 kg/cm<sup>2</sup>) og að vatnshraði haldist í rörinum um 0,3 m/sek. Einnig er nauðsynlegt að kerfið sé tengt við húskerfið með



framhjálaupi til þess að hitaveituvatnið geti runnið framhjá því beint í frárennslilögn hússins ef kerfið bilar.


Ef notast á við stór kerfi í snjóbræðslu þarf alltaf að tengja dælu við kerfið til að tryggja jafna hitadreifingu og til að halda réttum og jöfnum vatnshraða í rörunum. Stóru kerfin eru alltaf lokuð með millihitara, dælu, stýribúnaði og með frostlög sem myndar ekki sveppagróður og tærir ekki lagnir. Þetta er til að tryggja að það virki rétt þótt ytri aðstæður breytist ([Set, e.d.](#)).

Stjórnúnaður sem notaður er í snjóbræðslukerfum ræðst eins og margt annað af stærð kerfisins en auk þess þarf að hafa í huga hvaða kröfur eru gerðar um vatnsnýtingu. Lítil kerfi geta alveg gengið upp án stjórnúnaðar, það eru kerfi sem notuð eru t.d. í tröppum og stéttum við íbúðarhús. Skilyrði fyrir því er að bakvatn frá húsi sé nægilegt en það er einnig hægt að láta innspýtingu heits vatns stjórna af hita bakvatns. Þessi aðferð eykur frostöryggi og nýtingu vatns en hentar best þar sem afköst þurfa ekki að vera mikil. Önnur aðferð er að halda hita framvatns föstum eða láta hann stýrast af útihita, þá er hitastýrður vatnsloki í bakvatni hafður til að tryggja rétta vatnsnýtingu en það getur farið mikil orka til spillis ef kerfið er í gangi þegar ekki er snjór en kalt í veðri. Til að sporna við þessu er innspýtingu heits vatns stjórnað eftir yfirborðshita.

Til þess að fá sem bestu stýringu er best að nota snjóvaka og tölvustýringu, snjóvakinn mælir raka og yfirborðshita en þær upplýsingar geta gefið til kynna hvort það muni snjóa eða rigna. Þetta mun leiða af sér minni vatnsnotkun og mikinn sparnað. Svona stýring hentar því vel í stórum snjóbræðslukerfum (Ragnar, 2002b).

### 3.2. Varmaskiptir

Varmaskiptir getur verið mjög mikilvægur þegar leggja á snjóbræðslurör í steipt plön eða stéttir því að hætta er á skemmdum ef að vatnið frýs í þeim. Þá er snjóbræðslukerfið með varmskipti og dælu. Í þessum kerfum er hún tengd við hitaveitu gegnum varmskipti og knúin með hringrásardælu, en hún dælir frostþolnum vökva í gegnum snjóbræðslurör. Almenn er talað um að hitastig í snjóbræðslumillihitum sé 55° - 25°C á hitahliðinni og 35° - 25°C á frostlögshliðinni. Til þess að fá 55°C framrásarhita inn á varmskipti verður að fá skerpivatn til blöndunar við bakrásarhita frá húskerfinu (Ragnar Gunnarsson, 2002; Ragnar Gunnarsson og Svavar Tr. Óskarsson, 1992).



Mynd 3: Varmaskiptir

Þá verður hitastig fyrir varmaskipti eftirfarandi:

Hitaveita skerpivatn : 75°C, 5700 l/h

Bakrásar vatn frá húsi: 40°C, 1050 l/h

Blanda inn á varmaskipti: 70°C, 6750 l/h

Blanda frá varmaskipti : 25°C, 6750 l/h

**Varmaskiptir:**  $Q = 350 \text{ kW} = 301.000 \text{ kcal/h}$

**Hitaveituhlið:** Hitastig  $t_i = 70^\circ\text{C}$ ,  $t_u = 25^\circ\text{C}$

Hitafall  $45^\circ\text{C}$

Rennsli  $6750 \text{ l/h} = 1,88 \text{ l/s}$

**Snjóbræðsluhlið:** Hitastig  $t_i = 20^\circ\text{C}$ ,  $t_u = 35^\circ\text{C}$


Hitaaukning  $15^\circ\text{C}$

Rennsli  $(301.000 \text{ kcal} * 1,11 / 15^\circ) = 22.270 \text{ l/h} = 6,19 \text{ l/s}$

Það er nauðsynlegt að viðhalda varmskipti vegna þess að það myndast útfellingar úr heita vatninu, en þessar útfellingar minnka afköst hans með tímanum. Það fer mikið eftir eiginleikum heita vatnsins hversu oft þarf að hreinsa hann upp en það er talið vera á bilinu 2-7 ár. Ef að það líður mikið lengri tími en það getur verið erfitt að hreinsa hann og því eina leiðin að skipta um hann (Ragnar, 2002; Ragnar og Svavar, 1992).

### 3.3. Varma og orkuþörf

Þegar kemur að því að reikna varmaþörf þá kemur veður mikið við sögu. Það sem þarf að reikna með er í raun fjórþætt þ.e. vindhraði, loftraki, lofthiti og snjókoma en þessir fjórir þættir hafa allir áhrif á varmaþörf snjóbræðslu. Það fer ákveðinn varmi í það að hita snjó upp í bræðslumark eða bræða hann upp í bræðslumark. Til þess að ákvarða þessa varmaþörf er nauðsynlegt að nota tíðnigreiningar á veðurfari en með því er hægt að sjá mikilvægi varmageymis í jörðu út frá t.d. jaðartöpum (Ragnar Ragnarsson, 2002a).




Mynd 4: Varmaþörf sem fall af snjókomu

Á mynd 4 hér fyrir ofan má sjá þá þætti sem mynda varmaþörf sem fall af snjókomu. Ef miðað er við að sá snjór sem fellur á sólarhring falli á þremur klukkustundum og að snjóbræðslan virki það vel að planið fyrir snjóbræðsluna sé alltaf autt má segja að  $A_{\text{snjóautt hlutfall}} = 1$ . En þarna eru líka sýndar nálgunarlínur sem eru fyrir heildarvarmaþörf en það skiptist niður í línulega nálgunarlínu og svo margliða nálgunarlínu. Það er til ein almenn jafna fyrir varmaþörf til yfirborðs snjóbræðslusvæðis. Hún er :

$$Q_{\text{varmaþörf}} = q_{\text{upphitun}} + q_{\text{bræðsla}} + A_{\text{snjóautt hlutfall}} (q_{\text{uppgufun}} + q_{\text{streymi/geislun}})$$

(Ragnar, 2002a).



Mynd 5: Varmþörf sem fall af snjókomu með breytilegri snjöhulu

Línuritið hér að ofan (sjá mynd 5) sýnir varmaþörf sem fall af snjókomu með breytilegri snjöhulu. Línurnar þrjár sem sjást á myndinni tákna  $Asnjóautt hlutfall = 0; 0,5; 1$ .

Ef að það á að halda jörðu ávallt auðri þarf um  $140 \text{ W/m}^2$  meiri varma en þá er  $Asnjóautt hlutfall = 1$ .

Ef að  $Asnjóautt hlutfall = 0,5$  er jörðin hálfþakin snjó og þarf því u.þ.b.  $75 \text{ W/m}^2$  meiri varma.

Það á sér stað engin uppgufun þegar yfirborð er hulið snjó en aftur á móti verður uppgufun ef yfirborðið er snjóautt eða að það liggur vatnsfilma yfir eftir bráðinn snjó.

Þegar að það hefur verið slydda úti eða lítið um snjókomu er ekki þörf fyrir aukna varmagjöf, en það er vegna þess að uppsöfnuð varmarýmd er ennþá í jörðu. Þessi varmi ætti að vera nægur til þess að bræða snjóinn á yfirborði jörðu.


Jafna fyrir varmaþörf í snjókomu er eftirfarandi:

$$Q_{\text{varmaþörf}} = 140 * Asnjóautt hlutfall + 94 * s$$

Það þarf  $140 \text{ W/m}^2$  til að halda jörðu auðri eða  $Asnjóautt hlutfall = 1$ .

S í jöfnu stendur fyrir snjókoma í mm (Ragnar, 2002a).

Mynd 6 sýnir mun á meðalafli kerfis sem er í hægagangi, en þarna er yfirborðshita haldið föstum eða í 0°C og í 4°C. Auk þess er sýndur munur á afli þegar yfirborðshiti fylgir útihita í frosti en hitamunur er 2°C og 1°C. Þegar talað er um hægagang er átt við það þegar frost er um 0°C eða lægra og lítil sem engin snjócoma. Það tekur ákveðið mikið afl að sinna varmaþörf á fleti þar sem yfirborð á að vera frostlaust, en það álag er kallað *qhægagangur*. Það er mjög gott að láta snjóbræðslukerfi ganga í hægagangi þegar hiti er alveg við frostmark og lítill snjór úti, en með þessu er varmi leiddur til jarðvegs og snjóbræðslukerfið er því undirbúið fyrir það ef kólnar í veðri (Ragnar, 2002a).



Mynd 6: Aflþörf kerfis í hægagangi

Til þess að reikna út aflþörf á dögum þegar það er frost en lítill sem enginn snjór þarf að vita hitamun á yfirborðshita á snjóbræðslufleti og útihitastigi. Yfirborðshiti er oft yfir frostmarki eða um 4°C en það er hægt að spara umtalsverða orku með því að láta yfirborðshita vera breytilegan og fylgja útihitastigi í staðinn fyrir halda honum föstum en það er gert þannig að yfirborðshiti sé aðeins yfir útihita. Með þessu er hægt með góðu móti að forðast ísingu.


Jafna fyrir orkuþörf miðað við að yfirborð sé ekki alltaf jafnheitt í frosti:

$$Q_{\text{varmaþörf}} = k \cdot (140 \cdot A_{\text{snjóautt hlutfall}} + 94 \cdot s)$$

Í þessu tilfelli er  $k$  margföldunarstuðull fyrir jaðartöp en þau eru háð útihita, vindhraða og yfirborðshita. Það sem hefur mest áhrif á jaðartöp eru gerð yfirborðs, stærð snjóbræðslusvæðis, gerð sands og dýpt á lögnum í jörðu.

Álagstuðullinn  $k$  er því oft á bilinu  $1,1 \leq k \leq 1,5$  (Ragnar, 2002a).





Mynd 7: Árleg orkuþörf við mismunandi yfirborðshita

Á mynd 7 er sýndur samanburður á árlegri orkuþörf þegar yfirborðið er misheitt þrátt fyrir að það sé frost en enginn snjór. Það er alltaf sama orkan sem fer í það bræða snjó þegar yfirborðið er mismunandi heitt í frosti en engin snjókoma. Þessi orka er sú sama nánast undantekningarlaust eða 50kWh en það er u.þ.b. 7% af heildarorkunni sem er rúmmlega 720 kWh. Þá er miðað við að yfirborði sé haldið í 0°C. Ef að við breytum þessum gildum og setjum yfirborðshita í 4°C þá eykst orkan 2,5-falt og verður því 1750 kWh. Þessar tölur segja því svo ekki sé um vafist að mikill orkusparnaður getur átt sér stað bara með því að hafa yfirborðshita eins nálægt útihita og hægt er. Þess vegna er mjög mikilvægt að hafa hæfilega mikið afl í hægagangi til að viðhalda varma í jörðu. Þessi varmi sem verður í jörðinni hjálpar til við að snjóbræðsla geti hafist um leið og það byrjar að snjóa og einnig til að koma í veg fyrir ísingu. Varast skal að hafa yfirborðshita of háan því að með því fer mikil orka til spillis, en það gerist mest þegar mikill vindur er úti og kalt (Ragnar, 2002a).

### 3.4. Frostlögur

Það er hægt að reikna meðalhitastig í frostlögspípum út frá líkingunni

$$t_m = 0,089 \times Q_o + t_v \text{ (}^\circ\text{C)}$$

En í þessari líkingu er

$t_m$  = meðalhitastig frostlögsblöndu

$t_v$  = hitastig vatnsfilmunnar á yfirborði flatarins, venjulega  $+0,6^\circ\text{C}$

$Q_o$  = heildarvarmaálagið

Til þess að finna  $Q_o$  þarf að setja upp jöfnuna

$$- \quad Q_o = q_s + q_m + A_r + (q_e + q_h) \text{ (W/m}^2\text{)}$$

En í þessari líkingu er  $q_s$  = upphitunarvarmi til þessa að hita snjó upp í  $0^\circ\text{C}$

$$q_s = 0,578 \times S \text{ (0-ta)}, \quad 0,578 \times S \text{ (snjócoma í mm) } \times (0 - \text{lofthiti}) .$$

- $q_m$  = bræsluvarmi snjós ( $q_m = 92,6 \times S$ ).
- $A_r = 1$  þegar brætt er þannig að engan snjó festir á fleti.
- $q_e$  = varmi vegna uppgufunar snjósins

$$q_e = h_{fe} \times (0,005v \times 0,002) \text{ (0,625-pav)}$$

$h_{fg}$  = uppgufunarvarmi við bræðsluhita (kJ/kg)

$v$  = vindhraði (km/h)

$p_{av}$  = þrýstingur raks lofta (kPA)

- $q_h$  = varmi vegna varmaleiðni og geislunar
- $$q_h = 188,2 \times (0,005v + 0,002) \times (t_f - t_a) \text{ (W/m}^2\text{)}$$

$v$  = vindhraði (km/h)

$t_f$  = hitastig á vatnsfilmu við yfirborð ( $^\circ\text{C}$ )

$t_a$  = lofthiti ( $^\circ\text{C}$ )

Ef að við skoðum atriðin hér að ofan má sjá að varmaálagið er háð þessum fjórum þáttum:

1. vindhraði ( km/h)
2. lofthita ( $^\circ\text{C}$ )
3. loftraka
4. snjókomumagni í mm/h

Ef að sett er mismunadi álagsgildi  $q_o$  í jöfnuna

$T_m = 0,0089 \times q_o + 0,6$  þá fæst eftirfarandi:


$$Q_o = 200 \text{ W/m}^2 \text{ þá er meðalhitastig } t_m = 0,0089 \times 200 + 0,6 = 18,4^\circ\text{C}$$

$$Q_o = 250 \text{ W/m}^2 \text{ þá er meðalhitastig } t_m = 0,0089 \times 250 + 0,6 = 22,3^\circ\text{C}$$

Með því að leiða út þessar jöfnur með þessum gildum er hægt að reikna út hvað hitinn á frostlegi þarf að vera í snjóbræðslukerfum miðað hvað álagsgildið er á viðkomandi stað (ASHRAE, 1987).

### 3.5. Röralagning og samsetning

Þegar kemur að lagningu röra þá skal hafa hugfast að hafa bilið á milli þeirra að hámarki 25 cm til að koma í veg fyrir að hálkublettir myndist (sjá mynd 8). Einnig er mikilvægt að leggja fram- og bakrásarrör hlið við hlið, en það er gert til þess að hitadreifing sé sem jöfnust. Í stórum snjóbræðslukerfum greinist stofnleiðslan í deilikistur og frá deilikistu greinast einstaka rör eða röraslaufur. Það er mælt með því að lengd röraslaufa frá sömu dreifilögn fari ekki yfir 200 m og jafnframt að þær séu jafn langar. Til að tryggja sem jöfnustu varmadreifingu eru snjóbræðslurör lögð u.þ.b. 10 cm undir yfirborði en fjarlægð frá yfirborði niður á botn röranna verður þá 12,5 cm. Þegar rör eru lögð í malbikaðar innkeyrslur eru rörin venjulega lögð í jöfnunarlag sem er lagt undir malbikið en það er að jafnaði 5-6 cm þykkt ([Set, e.d.](#)).



Mynd 8: Röralagnir

Samsetning á rörum í snjóbræðslu þarf að vanda vel, múffusúða er notuð í grennri lögnum og bein súða (enda í enda) í sverari rörum. Báðar þessar aðferðir gefa góðan styrk. Val á gerð snjóbræðsluröra er mikilvæg en þrjár mest notuðu eru PEM, PPr og PB plaströr. Gott er að miða við að nota PEM rörin í kerfi þar sem lágs hitaþols er krafist og í minni kerfum. PPr og PB rörin eru notuð í kerfum þar sem kröfur eru um hærra hitaþol og meiri afkasta er krafist ([Set, e.d.](#))

**PEM:** Líftími er a.m.k. 50 ár með 5 MPA þrýsting og ef hitastig fer ekki yfir 48°C með öryggisstuðul 1,25

**PPr:** Líftími er a.m.k. 50 ár með 5,1 MPA þrýsting og ef hitastig fer ekki yfir 70°C með öryggisstuðul 1,25

**PB:** Líftími er a.m.k. 25 ár með 10,1 MPA þrýsting og ef hitastig fer ekki yfir 80°C með öryggisstuðul 1,25

### 3.6. Núverandi búnaður

Núverandi búnaður sem notaður er á minni bensínstöðvum landsins er frekar einfaldur, snjóbræðlsan er á lokuðu kerfi og inn á kerfinu er frostlögur. Flestar byggingar á höfuðborgarsvæðinu eru með hitaveitukerfi sem kallast tvöfalt kerfi en munurinn á einföldu og tvöföldu kerfi er sá að í einföldu kerfi er bakrásin tengd við frárennslið en í tvöföldu kerfi er bakrásinni skilað til orkusalans (OR). Hitaveitugrindin á einföldu kerfi er svipað uppbyggð, orkusalinn úthlutar rennismæli og allt að honum. Frá rennismæli er svo gert ráð fyrir neysluvatni, þaðan kemur svo kúluloki, þrýstimælir, mismunajafnari, hitamælir, þrýstimælir öryggisloka og kúluloki. Eftir þessa uppsetningu er svo tengt inn á varmaskipti eða beint í ofnakerfi. Í einföldu kerfi er settur slaufuloki til að halda mótþrýsting á kerfinu þar sem ekki er neinn mótþrýstingur af frárennsli. Í þessu kerfi er ein dæla, mótörloki og hitanemi á varmaskipti. Auk þess stjórnbox með hitanema og PI regli á vegg (sjá mynd 9).



Mynd 9: Snjóbræðslukerfi



*Mynd 10: Hitastillir (ETS 250V – 10A) og pi reglir (Aqua24A1F/D)*

Hitastillirinn er af gerðinni ETS 250 VDC (sjá mynd 10). Minnsta álag er 1,25A, 300W en mesta er 16,7A, 4000W en það fer eftir því hvort þú ert með model sem ræður við hátt eða lágt álag.

Vinnslusvið hita er 5 – 30°C.

PI reglir kerfisins er 24VAC, 50hz. Hann þolir mest 5VA, umhverfishitastig 0-50°C og geymsluhitastig -40° ...+50°C. Hann er með þrjá aðal innganga sem eru fyrir frost og takmörkun sem vinna á 0-10V. Útgangur vinnur einnig á 0-10VDC, mest 1mA með tvö relay fyrir frostvörn bæði 24 VDC og 230VAC, 2A.

Dælan í kerfinu er frá Grundfos UPS 25-80 (230V AC, 50hz, 5μF) (sjá mynd 11). Hún er þrepaskipt í þremur stigum (sjá töflu 2). Nota skal þrep 2 til að halda þrýstingi inn á kerfi 2 bör. Hún þolir mest 10 bör og minnst -25°C. Class F, IP 42 og getur flutt 0.008m<sup>3</sup> af vatni ([Danfoss, 2008](#)).



Mynd 11: Hringrásardæla

Tafla 2: Straum- og orkuþörf hringrásardælu

Þrep	I 1/1 (A)	P1(W)
1	0,63	140
2	0,92	210
3	1,04	245



Mynd 12: Mótorloki

Mótorlokin í kerfinu er af gerðinni Belimo LR24-SR-1 ( 24VAC/DC) (sjá mynd 12).

Hann reglast í gegnum hitastilli og þi reglir sem eru í boxi á veggnum.

Inngangur er analog 2-10 VDC og feedback til baka er 0-5 VDC

### 3.7. Mismunandi útfærslur

Það eru til tvær megin útfærslur af snjóbræðsluferfum. Það eru vatnskerfi og frostlagarkerfi


Frostlagarkerfi er alltaf lokað kerfi og er notað fyrir stærri kerfi en þá er frostlögurinn hitaður í varmaskipti, síðan er honum dælt með hringrásardælu inn á slöngurnar fyrir snjóbræðsluna.

Þegar talað er um vatnskerfi er heitu vatni beint inn í slaufur en vatnskerfum er hægt að skipta upp í annaðhvort framvatnskerfi eða bakvatnskerfi. Framvatnskerfi virkar þannig að 80°C framrásarvatni er blandað við bakrásarvatn frá snjóbræðslulaufu. Þessari blöndu er síðan hringrásað í slöngurnar inn á snjóbræðslulaufurnar. Í bakvatnskerfi er notast við 30-35°C heitt vatn sem kemur frá húsum, það er síðan notuð

innspýting með 80°C heitu hitaveituvatni til að bæta við eftir þörfum. Vatninu er síðan hringrásað ef vatn frá húsi dugar ekki til en það eru tvær leiðir til að gera það, með hringrásardælu eða uppblöndunardælu. Þetta er nauðsynlegt að framkvæma til þess að vatnsrennsli í slöngunum verði nægilegt og til að halda hita á framvatni ekki of háum.

Það eru kostir og gallar við bæði þessi kerfi en almennt er talið að bakvatnskerfi hafi vinninginn. Það er t.d. vegna þess að í því kerfi er hringrásardælu ekki þörf ef bakvatn frá húsum er nóg en einnig er það góður eiginleiki að þegar bakvatn steymir stöðugt í gegnum slöngurnar þá byggist upp varmaforði í jörðinni. Þegar þetta gerist má segja að kerfið sé alltaf tilbúið ef skyndilega byrjar að snjóa og er það mun auðveldara að bæta heitu vatni út í bakvatnið.


Á mynd 13 fyrir neðan má sjá þrjár útfærslur af snjóbræðslu en það eru vatnskerfi sem notar bakvatn, vatnskerfi með framrásarkerfi og svo frostlagarkerfi með millihitara (Ragnar, 2002b).



Mynd 13: Mismunandi kerfi snjóbræðslu


### 3.8. Teikningar

#### INNTAKSGRIND, BAKRÁS Í AFFALL, SNJÓBR. MEÐ VARMASKIPTI



Mynd 14: Snjóbræðsla með frostlegi og varmaskipti, bakrás nýtt með framrásarvatni

#### INNTAKSGRIND, BAKRÁS HIRT AF OR, SNJÓBR. MEÐ INNSPÝTINGU



Mynd 15: Snjóbræðsla með bakrásarvatni með möguleika á innspýtingu.





Á mynd 14 og 15 eru sýnd tvö mismunandi snjóbræðslukerfi. Þessi kerfi eru álíka stór og með svipað mikla varmaþörf. En þessi kerfi miða við varmaþörf upp á  $200\text{W}/\text{m}^2$ . Allar pípur eru vottaðar úr hitaþolnu plasti eða sambærilegu sérstaklega framleiddu til notkunar í snjóbræðslukerfum. Lagnir þola 5 MPA þrýsting við  $50^\circ\text{C}$  með 50 ára endingartíma. Á enda stofnlagna kemur dreifíkista sem er með stopploka og tæmingarloka.

Mynd 14 sýnir snjóbræðslukerfi með tvöfaldri hringrás tengt inn á varmaskipti og blandað frostlegi (30%). Kerfið er 2 slaufur alls um 380 m og um  $95\text{ m}^2$ . Varmaþörf kerfisins er 19 kW miðað við  $200\text{W}/\text{m}^2$  afköst

Mynd 15 sýnir snjóbræðslukerfi sem nýtir bakrásarvatn með möguleika á innspýtingu ef bakrásarvatn snjóbræðslu fer undir  $10^\circ\text{C}$ . Kerfið er 4 slaufur alls um 735 m og  $180\text{ m}^2$ . Varmaþörf er 36kW miðað við  $200\text{W}/\text{m}^2$  afköst. (Emil Þór Kristjánsson, orkutæknifræðingur, skype samtal, 15. mars 2016).



## 4. Snjóbræðslustýring

### 4.1. Virknilysing


Virgni á snjóbræðslustýringunni sem þetta verkefni snýst um, virkar þannig að við erum með lokað kerfi þar sem hringrásardæla dælir frostlegi, sem er hitaður í varmaskipti, inn í snjóbræðslurör. Varmaskiptirinn er tengdur við afrennsli húshitunar og er með innspýtingu sem skerpir á snjóbræðslunni þegar þörf er á. Iðntölva frá Siemens Logo les af hitanemum og stýrir mótorklokum fyrir innspýtingu snjóbræðslukerfis. Í iðntölvunni er árstíðarklukka en hún er stillt þannig að stýringin er virk frá 15. okt -15. apríl, en þetta er sá tími sem von er á sem mestum kulda og vetur getur náð hámarki.

Það eru þrjú hitanemar í kerfinu, einn hitanemi sem notaður er til að ræsa eða slökkva á innspýtingu en hinir tveir eru á varmaskipti, einn á framrás snjóbræðslu og ver snjóbræðslu fyrir hámarkshita og hinn á bakrás snjóbræðslu sem mælir bakrásarhitann og stýrir þannig innspýtingu. Þessir hitanemar reglast svo í gegnum Pi –regli sem stýrir mótorkloka eftir þörfum og miðað við óskgildi. Ef að útihitanemi fer undir 3,8°C ræsist innspýting og stillir sig við óskgildi bakrásarhita.

